

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2012****2012/EES/34/12****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið ESB L 143, 3.6.2008, bls. 55, eins og henni var breytt með.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/2009 frá 23. júlí 2009 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/851/EB frá 25. nóvember 2009 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 12zz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/296/ESB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12zza. **32008 R 0440**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtið. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið ESB L 143, 3.6.2008, bls. 55:

- **32009 R 0761**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 761/2009 frá 23. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 220, 24.8.2009, bls. 1).

12zzb. **32009 D 0851**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/851/EB frá 25. nóvember 2009 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma (Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 56).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 440/2008 og 761/2009 og ákvörðunar 2009/851/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 220, 24.8.2009, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 56.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.